

# Héðan og þaðan

Texti og myndir: Sigríður Elín



## Gersemar og sögulegir munir í húsnæði Fíh

*Hjúkrun í 100 ár*, var titill sýningar sem var haldin í Árbæjarsafni sumarið 2019. Sýningin var hluti af hátíðardagskrá í tilefni af 100 ára afmæli Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og áherslan var á sögu hjúkrunar í samhengi við breytingar á stöðu kynjanna og þróunar í tækni og vísindum, frá byrjun 20. aldar og til dagsins í dag. Á sýningunni voru sögulegir munir og öllu var svo pakkað niður að henni lokinni. En á dögnum mættu hressar í húsnæði Fíh þær Bergdís Kristjánsdóttir og Ingbjörg Pálmadóttir, sem voru í sýningarnefndinni, til þess að fara í gegnum gersemar frá sýningunni; gamlar nælur, myndir og muni, bækur, prófskirteini og spítalaföt frá löngu liðnum tímum. Ritstýran var svo heppin að hitta þær í salnum og eftir skemmtilegt spjall fékk ég leyfi til að taka nokkrar myndir fyrir Tímaritið sem gleðja vonandi.



## Nýr sviðsstjóri kjara- og réttindasviðs

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga fékk öflugan liðsmann til sín á dögnum þegar Jón Tryggvi Jóhannsson, 56 ára Siglufirðingur, hóf störf hjá félaginu.

Jón Tryggvi er með embættispróf í lögfræði frá Háskóla Íslands, MS í mannauðsstjórnun frá sama háskóla og skellti sér einnig í nám í markþjálfun. Jón Tryggvi er stoltur af sínum heimabæ Siglufirði og segist hafa alist þar upp í fullkomnu frelsi en



hann hefur búið í Reykjavík frá menntaskólaaldri. Lengst af, eða í 17 ár, starfaði hann sem lögfræðingur hjá Lífeyrissjóði verkfræðinga. Jón Tryggvi er þó ekki að koma beint frá Lífeyrissjóðnum því hann starfaði sem mannauðsstjóri og launafulltrúi á Sólheimum í Grímsnesi í rúm tvö ár áður en hann hóf störf hjá Fíh. Hann segir nýja starfið vera draumastarfið; „ekki spurning, þetta er draumurinn. Nýja starfið leggst vel í mig og ég kem inn í frábæran hóp starfsmanna hjá félaginu,“ segir hann hress í bragði en þá leikur okkur forvitni á að heyra hvernig draumaferdalagið væri, vegna þess að núna er sumar og sól og fíri framundan: „Ég væri mikið til í að ferðast um landið á flottum húsbíl. Það heillar mig líka mikið að heimsækja Ítalíu og Slóveníu,“ svarar hann sólbúnn og sæll.

## Saga Jóels sögð af móður hans

Auðbjörg Reynisdóttir, hjúkrunarfræðingur, skrifaði bók sem kom út á þessu ári og ber heitið **Banvæn mistök í íslenska heilbrigðiskerfinu.**

**Hvernig lifir móðir af slíkan missi?** Bókin er saga Auðbjargar og aftan á kápu bókarinnar segir: Móðir segir frá lífi og dauða sonar síns en röð mistaka á bráðamóttöku barna skilur eftir lærdóm sem enginn má láta framhjá sér fara. Saga fyrir alla sem vilja tryggja öryggi sjúklinga. Hér er um líf og dauða að tefla.



## Afmælisráðstefna: Krabbamein á Íslandi árið 2021 - horft til framtíðar

**70 ára afmælisráðstefna Krabbameinsfélags Íslands fer fram fimmtudaginn 26. ágúst í Háskólanum í Reykjavík.**

Á ráðstefnunni sem stendur yfir frá klukkan 16:30 til 20:30 verður fjallað um krabbamein á Íslandi í víðu samhengi, með hliðsjón af markmiðum Krabbameinsfélagsins um að fækka þeim sem fá krabbamein, fjölga þeim sem lifa og bæta lífsgæði sjúklinga og aðstandenda. Til umfjöllunar verður meðal annars staða mála hér á landi, áskoranir og nýjar leiðir og reynsla sjúklinga af greiningu og meðferð.

Þátttaka er ókeypis og léttar veitingar verða í boði.

**Ahugasamir geta skráð sig á heimasíðu Krabbameinsfélagsins.**

Hjúkrunarfræðingur í ritstjórninni pantaði sér stuðningssockka frá Compression Socks World sem eru litríkari en flestir sokkar sem veita stuðning. Þeir eru svo góðir að við urðum að láta ykkur vita af þeim! Hér er síðan [compressionsocksworld.com](https://www.compressionsocksworld.com)

